

# Kjarasamningur SA og ASÍ

Undirritaður 21. janúar 2016

Kynning í febrúar 2016



# BYGGIR Á RAMMASAMKOMULAGI AÐILA FRÁ 27. OKT (SALEK)

---

- Samningurinn kemur í veg fyrir óhjákvæmilega uppsögn kjarasamninga milli SA og aðildarfélaga ASÍ í lok febrúar 2016.
- Forsenduákvæði um launastefnu þeirra samninga gekk ekki eftir vegna gerðardóms í máli BHM og FÍH.
- Semja þurfti við ASÍ um að kjarasamningar SA og aðildarfélaga ASÍ yrðu í samræmi við samræmdan kostnaðarramma rammisamkomulagsins til ársloka 2018.
- Jafnframt þurfti að semja við stjórnvöld um efnahagslegar mótvægisaðgerðir.

# ÁHRIF SALEK Á KJARASAMNINGA SA OG ASÍ

---

- Sameiginlegur kostnaðarrammmi rammisamkomulagsins er 32% hækkun launa frá nóvember 2013 til ársloka 2018, að kostnaði við breytingar á lífeyrisréttindum meðtöldum.
- Kostnaðarmat á kjarasamningum SA og ASÍ, sem gerðir voru frá maí til september 2015, fyrir ofangreint tímabil var 25%.
- Samningurinn felur í sér efndir yfirlýsingar SA og ASÍ frá 2011 um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins, sem felur í sér 3,5% hækkun iðgjalds launagreiðenda í lífeyrissjóði.
- Kostnaðarmat samninga SA og ASÍ er 29%, að þeirri breytingu meðtalinni.
- Til að fylla upp í kostnaðarrammann þurfti því liðlega 2% viðbótarhækkun launa á samningstímanum.

# HELSTU BREYTINGAR

---


- Launapróunartrygging 1. maí breytist í 6,2% almenna hækkun frá 1. janúar. Heimilt að draga frá flýttu almenna hækkun á tímabilinu 2. maí til 31. des 2015 ef hún náði til þorra starfsmanna .
- Hækkun 1. maí 2017 verður 4,5% í stað 3,0%
- Hækkun 1. maí 2018 verður 3% í stað 2%.
- Mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkar í þremur áföngum um 3,5%.
  - 1.7.2016: 0,5%
  - 1.7.2017: 1,5%
  - 1.7.2018: 1,5%
- Stefnt er að því að heimilt verði að ráðstafa iðgjaldahækkun í bundna séreign að hluta eða öllu leyti.

# Af hverju er launahækkun 2016 flýtt?

Laun opinberra starfsmanna hækkðu um 10% árið 2015 á sama tíma og laun á almennum vinnumarkaði hækkðu að jafnaði um 6,5%. Þessum mun er mætt með 3,5% hækkun iðgjalda í lífeyrissjóði sem er dreift yfir allan samningstímamann. ASÍ gerði kröfu um 140 þúsund króna eingreiðslu til að veða upp á móti því sem á félagsmenn þess hallaði í þessu samhengi. Því var hafnað af hálfu SA en niðurstaðan varð að flýta þess í stað launahækkun ársins.

## Kjarasamningsbundin launaþróun ASÍ fyrir og eftir kjarasamning 21.1.2016 og samanburður við kjarasamning BSRB, með stofnanasamningum, fyrir tímabilið 2013-2018

(Nóv. 2013-sept. 2014 er þó mæld launaþróun)



# ATKVÆÐAGREIÐSLA OG FRAMKVÆMD

---

- Atkvæði verða greidd um samninginn hjá SA og ASÍ.
- Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en 26. febrúar
- Hækkanir koma því ekki til framkvæmda fyrr en í lok febrúar að því gefnu að samningar verði samþykktir.